

Dalabyggð
b/t Þórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík 13. júní 2019
UST201904-173/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 - vindorkugarður – Hróðnýjarstaðir

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að aðalskipulagsbreytingu sveitarfélagsins Dalabyggðar vegna vindorkugarðs á Hróðnýjarstöðum.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin nær til allt að 400 ha landbúnaðarlands á jörðinni Hróðnýjarstaðir/jörð Hróðnýjarstaða sem verður breytt í iðnaðarsvæði til vindorkunýtingar. Gert er ráð fyrir að fjöldi vindmylla geti orðið allt að 40 stykki og allt að 120 m háar í miðju hverfils og 180 m háar í hæsta punkt spaða. Áætlað uppsett afl er allt að 130 MW. Einnig verður heimiluð efnistaka á svæðinu tengd framkvæmdunum.

Sjálfbær þróun

Í greinargerð gildandi aðalskipulags Dalabyggðar 2004 – 2016 segir að markmið skipulagsins sé m.a. að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar. Auk þess kemur fram í greinargerð aðalskipulagsins þar sem hugtök eru útlístuð: „*Sjálfbær þróun: Þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Miða skal við að landi sé eigi skilað í verra ástandi til næstu kynslóða en það er nú.*“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í breytingartillögunni hvernig hún samrýmis ofangreindum markmiðum.

Staðarval

Í greinargerð kemur fram að helstu þættir sem ráða staðarvali vindorkugarðs eru; vindur, nálægð við flutningskerfi raforku, fjarlægð frá mannabústöðum, ferðamannastöðum og helstu ferðaleiðum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðarval fyrir umrædda

starfsemi í tillögunni ráðist einnig af því að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og búsvæðum fugla og tekið sé tillit til verndargildi þessa þátta.

Mikilvæg fuglasvæði

Samkvæmt upplýsingum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru á svæðinu sem er hér til umfjöllunar alþjóðleg mikilvæg varpsvæði álfta og himbrima. Laxárdalsheiði eru vel gróin heiðalönd, yfirleitt 200–400 m y.s., sem liggja milli Hvammsfjarðar og Hrutafjarðar sem er mikið af vötnum og öðru votlendi. Þetta svæði er alþjóðlega mikilvægt á varptíma fyrir himbrima og álft. <https://www.ni.is/node/16139>

Umhverfisstofnun bendir á að himbrimi er ábyrgðartegund Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson segir m.a. að talað er um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar bera mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla, sem annað hvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fer hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað er við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að álft og himbrimi eru á lista Bernarsamningsins sem tegundir sem þarf að vernda og himbrimi er á valista yfir fuglategundir sem eru í nokkurri hættu.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti haft áhrif búsvæði fuglanna.

Náttúrufar

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er talsverður hluti jarðarinnar votlendi. Auk þess segir í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030: „*Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfis-verndarsvæða í aðalskipulagi*“

Umhverfisstofnun telur að votlendið falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að við hönnun og útfærslu tillögu verður leitast við staðsetja vindmyllur, lagnir og vegi þannig að votlendi haldist sem mest. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að breytingartillagan sýni fram á brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun á ofangreindum verndarsvæðum, en stofnunin telur að tillagan geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Ásýnd og rask

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að áhrif af ásýnd á mannvirki verða mikil af háum mannvirkjum eins og vindmyllum, sérstaklega í næsta nágrenni svæðisins.

Auk þess gerir tillagan ráð fyrir röskun á öröskuðu landi, en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að svæðum með hátt verndargildi vegna vistgerða og mikilvæg búsvæði fugla sé hlíft og svæði sem eru þegar röskuð og með lágt verndargildi séu nýtt.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að reglugerð nr. 724/2008 um hávaða sé höfð til hliðsjónar við vinnslu tillögunnar en markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir: „Í viðauka, töflum I-III, eru tilgreind viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá umferð ökutækja, flugumferð og hvers konar atvinnustarfsemi. Þar sem dvalarsvæði á lóð er skilgreint skal þess jafnframt gætt að hljóðstig sé undir 55 LAeq. Á kyrrlátu svæði skal hljóðstig í þéttbýli ekki fara yfir Lden 50 dB(A) og í dreifbýli ekki yfir Lden 40 dB(A).“

Samlegðaráhrif

Umhverfisstofnun bendir á að sveitarfélagið er að vinna að tveimur aðalskipulagsbreytingum fyrir vindorkuver, Hróðnýjarstaðir (sem er hér til umfjöllunar) og Sólheimum í Laxárdal.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrari hætti í breytingartillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins m.t.t. orkuþarfar þar sem tillagan gerir ráð fyrir allt að 130 MW orkuframleiðslu og á Sólheimum er gert ráð fyrir allt að 150 MW raforkuframleiðslu.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdirnar muni kalla á aðrar framkvæmdir eins og vegagerð og raforkuflutningskerfi sem munu hafa umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að fjallað sé um þær framkvæmdir og umhverfisáhrif þeirra metin í umhverfisskýrslu.

Umhverfisþættir

Í töflu 2 í greinargerð er fjallað um umhverfisþætti, helstu matsspurningar og viðmið. Að mati Umhverfisstofnunar ættu lög um náttúruvernd nr. 60/2013, þar sem lögð er áhersla á 61. gr. laganna, við sem viðmið fyrir verndargildi ákveðins gróðurs og dýralífs.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur